

**FUNDARGERÐ ÁRSFUNDAR GILDIS-LÍFEYRISSJÓÐS 2023**  
**Haldinn fimmtudaginn 27. apríl 2023 kl. 17:00**

**Dagskrá ársfundar:**

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings.
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu, hluthafastefnu og ÍL-sjóði.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum.
5. Starfskjarastefna – til staðfestingar.
6. Kosning/skipan stjórnar.
7. Ákvörðun launa stjórnarmanna.
8. Kosning nefndar um laun stjórnarmanna.
9. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
10. Önnur mál.

**Fundarsetning**

Stefán Ólafsson, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gylfi gerði tillögu um Guðbjörgu Helgu Hjartardóttur, lögmann, sem fundarstjóra og voru ekki gerðar athugasemdir við það.

Guðbjörg Helga Hjartardóttir tók við fundarstjórn. Fundarstjóri gerði tillögu um Árna Hrafn Gunnarsson sem fundarritara og voru ekki gerðar athugasemdir við það.

Fundarstjóri upplýsti að hann hefði kannað boðun fundarins og áskildar auglýsingar og úrskurðaði fundinn löglegan þar sem rétt hefði verið til hans boðað.

Þessu næst gerði fundarstjóri grein fyrir dagskrá fundarins. Gat fundarstjóri þess að formaður stjórnar, framkvæmdastjóri og forstöðumaður eignastýringar yrðu til svara varðandi fyrirsurnir. Yrði fundarmönnum gefinn kostur á að bera upp spurningar undir hverjum lið fyrir sig.

Gerði fundarstjóri grein fyrir því hvernig gengið yrði til atkvæða, þ.e. að almennt yrði það gert með handaupprettingu nema sérstök þörf væri talin á skriflegri atkvæðagreiðslu. Almennt gætu eingöngu meðlimir fulltrúaráðs sjóðsins greitt atkvæði, nema annars væru sérstaklega getið. Þeir sem atkvæðisrétt höfðu á fundinum höfðu þegar fengið atkvæðaseðla.

Lagði fundarstjóri til að dagskrárliðirnir skýrsla stjórnar, kynning ársreiknings fyrir sl. starfsár og kynning tryggingafræðilegrar úttektar, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu, þ.e. dagskrárliðir nr. 1, 2 og 3, yrðu teknir saman til umræðu, þannig að fundarmönnum yrði gefinn kostur á að tjá sig um alla þessa liði eftir yfirferð þriðja dagskrárliðar. Ekki komu fram athugasemdir við þetta fyrirkomulag.

Fundarstjóri gaf Stefáni Ólafssyni formanni stjórnar þessu næst orðið til þess að flytja skýrslu stjórnar.

**1. Skýrsla stjórnar.**

Stefán Ólafsson stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar.

## 2. Kynning ársreiknings.

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins. Upplýsti hann að kynningin sem farið var yfir yrði sett á heimasíðu sjóðsins eftir fundinn.

## 3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu, hluthafastefnu og ÍL-sjóði.

Framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu, málefnum ÍL-sjóðs og hluthafastefnu. Helstu atriði erindis hans komu fram í kynningu sem gerð verður aðgengileg á heimasíðu sjóðsins.

Fundarstjóri gaf að lokinni framsögu um dagskrárliði 1-3 fundarmönnum færi á því að koma á framfæri athugasemdum hvað þá varðaði.

Örn Pálsson bað um orðið. Þakkaði hann framkvæmdastjóra fyrir grein hans í fjölmiðlum um launakjör stjórnenda hjá stórum fyrirtækjum. Taldi hann vera árangur af þessu starfi hjá sjóðnum og nefndi Haga meðal annars í því samhengi. Halda mætti áfram á þessari braut og mætti að sama skapi hvetja aðra lífeyrissjóði til þátttöku. Vakti hann athygli á skýrslu frá fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands þar sem samanburður er gerður á fjárfestingargjöldum milli lífeyrissjóða vegna ársins 2021. Gjöld hjá Gildi það ár voru 0,46% (4,2 ma.kr.) en þau væru 0,3% hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna (3,6 ma.kr.). Óskaði hann eftir skýringum á þessum mun á milli sjóðanna. Jafnframt beindi hann til stjórnar að skoða þann möguleika að auka samstarf í innheimtu sjóðfélagalána meðal lífeyrissjóða. Öll lán sjóðsins væru í innheimtu hjá bönkum og taldi hann möguleika á því að gera þetta með hagkvæmari hætti á grundvelli samstarfs milli lífeyrissjóða. Að lokum kallaði Örn eftir því að stofnað yrði sameiginlegt fjárfestingarráð meðal lífeyrissjóða með áherslu á erlendar fjárfestingar í því skyni að styrkja þennan þátt í starfsemi sjóðanna.

Davíð Rúdólfsson var til svara. Varðandi samanburðinn við Lífeyrissjóð verzlunarmanna hafði hann ekki kannað sérstaklega ástæður munar á fjárfestingargjöldum en vakti athygli á því að ávöxtun erlendra framtakssjóða hefði verið mjög há á árinu 2021 eða yfir 50% sem hafði þau áhrif að reiknuð árangurstenging hefði verið mjög há eða um 2 milljarðar króna. Þessi liður hafi haft mikil áhrif á niðurstöðuna og þar af leiðandi samanburð við aðra sjóði. Varðandi sameiginlegt fjárfestingarráð með áherslu á erlendar fjárfestingar þá væru ekki hlutfallslega háar þóknarir á bakvið skráðar erlendar fjárfestingar. Þá væri leitað afslátta þegar kostur væri á því. Sameiginlegt fjárfestingarráð lífeyrissjóða gæti hins vegar búið til einsleitni í fjárfestingum íslenskra lífeyrissjóða og þar með aukið kerfislega áhættu í lífeyrissjóðakerfinu.

Jóhann Páll Símonarson bað um orðið. Þakkaði hann Stefáni Ólafssyni fyrir að minnst á frítekjumark ellilífeyris hjá almannatryggingum í ræðu sinni og taldi rétt að verkalýðsfélög beiti sér í málinu. Hvatti hann sjóðinn áfram í málefnum ÍL-sjóðs og taldi það vera grafalvarlegt ef aðgerðir stjórnvalda leiddu til skerðinga hjá lífeyrissjóðum. Lagði hann til að ríkisskuldabréf sjóðsins yrðu seld og ekki meira keypt af skuldum ríkisins. Þá spurði hann hvort eitthvað hafi verið fellt niður af skuldum á hendur Íslandshótelum og hvernig staðan væri varðandi Bakkastakk. Þakkaði hann sjóðnum fyrir góðar kynningar, útgefið efni og upplýsingar.

Davíð Rúdólfsson var til svara. Varðandi Íslandshótel hefðu engar niðurfærslur verið á skuldabréfum í eigu sjóðsins, hins vegar hafi verið samið um skilmálabreytingar sem hafi veitt aukið svigrúm til endurgreiðslu í tengslum við Covid faraldurinn. Varðandi Bakkastakk hafi ekki verið stórar breytingar á milli ára á bókfærðu virði.

Ekki voru fleiri sem óskuðu eftir að taka til máls og fundarstjóri gekk til næsta dagskrárliðar.

#### **4. Tillögur til breytinga á samþykktum.**

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fyrirbyggjandi væru tillögur til breytinga á gr. 9.12. í samþykktum sjóðsins. Fundarstjóri gerði grein fyrir því að senda skuli slíkar tillögur til aðildarfélaga fjórar vikur fyrir ársfund og lá fyrir að það hefði verið gert. Þá fór fram kynning á tillögunum á fulltrúaráðsfundi í aðdraganda ársfundar. Gaf fundarstjóri framkvæmdastjóra orðið sem gerði grein fyrir tillögunni og röksemdum fyrir henni, sem fram komu í kynningu. Tók hann fram að tillagan geri ráð fyrir því að breytingar taki gildi miðað við næstu áramót. Stefnan væri síðan að draga smátt og smátt úr vægi hækkunar á lífeyri með vísan til sömu röksemda og þessi tillaga byggir á.

Grein 9.12 orðist þannig eftirleiðis svo (yfirstrikaður texti fellur út og undirstrikaður texti bætist við):

Framlagi hvers árs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, sbr. 18. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald, skal ráðstafa í samræmi við ákvæði 19. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þannig að ávinnsla nýrra réttinda og lífeyrir vegna geymdra réttinda hækki á komandi ári ~~um sama hundraðshluta~~ eins og nánar er tilgreint hér:

a. Auka skal réttindainnvinnslu sjóðfélaga sem nemur 3,6% ~~4,0%~~ iðgjalda þeirra. Réttindi skv. ákvæði þessu reiknast að fullu skv. reglum um aldursháða ávinnslu. Þessi réttindi skal auðkenna sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins og veita þau ekki rétt til framreiknings.

b. Greiða skal viðbótarlífeyri til lífeyrisþega annarra en barnalífeyrisþega sem nemur 3,0% ~~4%~~ af lífeyri þeirra. Viðbótarlífeyririnn greiðist mánaðarlega eins og annar lífeyrir. Þessi viðbótarlífeyrir skal merktur sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins.

Framangreint framlag til aukningar réttindaávinnslu og lífeyrisgreiðslna skulu hverju sinni að hámarki nema örorkuframlagi ársins. Tryggingastærðfræðingur sjóðsins skal árlega meta skuldbindingar sjóðsins skv. framangreindri reglu miðað við örorkuframlag ársins og vænt iðgjöld og lífeyrisgreiðslur á komandi ári og gera tillögu um breytingu á hundraðshluta viðbótarávinnslu og lífeyris, gefi matið til þess tilefni. Skal sjóðstjórn þá leggja tillögur að breytingum samþykka lífeyrissjóðsins fyrir ársfund hans svo tryggt sé að örorkuframlagið dugi fyrir skuldbindingum skv. a. og b. lið hér að framan.

Bar þá fundarstjóri breytingar á samþykktum upp til staðfestingar, en nefndi jafnframt að breytingarnar væru enn fremur háðar staðfestingu ráðherra. Breytingarnar voru samþykktar með tilskildum meirihluta atkvæða.

#### **5. Starfskjarastefna – til staðfestingar.**

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að næst yrði starfskjarastefna Gildis borin upp til staðfestingar. Starfskjarastefnan hefði legið fyrir á heimasíðu sjóðsins og í fundargögnum og verið óbreytt frá árinu 2018.

Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdum eða fyrirspurnum um starfskjarastefnuna. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Bar þá fundarstjóri starfskjarastefnuna upp til staðfestingar. Starfskjarastefnan var staðfest með tilskildum meirihluta atkvæða.

## 6. Kosning / skipan stjórnar.

Fundarstjóri upplýsti að samkvæmt samþykktum Gildis skyldi stjórn sjóðsins skipuð átta einstaklingum. Þar af skyldu fjórir kosnir á ársfundi, ásamt tveimur varamönnum, en fjórir aðalmenn og tveir varamenn skyldu staðfestir af fulltrúum atvinnurekenda í fulltrúaráði á grundvelli tilnefningar SA. Kjörtímabil stjórnarmanna væri tvö ár og skyldi árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Samþykktir mæltu jafnframt fyrir um að tilnefningarnefnd á vegum fulltrúa stéttarfélaganna í fulltrúaráði sjóðsins skyldi gera tillögu um frambjóðendur fulltrúa sjóðfélaga til stjórnar og varastjórnar.

Með vísan til þessa lá fyrir að Samtök atvinnulífsins hefðu tilnefnt eftirtalda aðila í aðalstjórn fyrir hönd SA, til tveggja ára:

Björgvin Jón Bjarnason  
Freyja Önundardóttir

Jafnframt að eftirtalinn aðili yrði í varastjórn fyrir hönd SA, einnig til tveggja ára:

Inga Jóna Friðgeirsdóttir

Jafnframt hafði tilnefningarnefnd fulltrúa stéttarfélaganna í fulltrúaráði sjóðsins lagt til að eftirfarandi aðilar yrðu kjörnir í aðalstjórn Gildis árið 2022, til tveggja ára:

Perla Ösp Ásgeirsdóttir  
Stefán Ólafsson

Jafnframt að eftirtalinn aðili yrði kjörinn í varastjórn sjóðsins, einnig til tveggja ára:

Ingibjörg Ólafsdóttir

Fundarstjóri gaf orðið laust varðandi tillögu tilnefningarnefndar stéttarfélaganna.

Þar sem aðrar tilnefningar höfðu ekki borist töldust fyrrgreindir aðilar sjálfkjörnir í aðal- og varastjórn sjóðsins.

Fundarstjóri upplýsti þannig um að í stjórn Gildis sætu því nú:

- Árni Bjarnason
- Bjarnheiður Hallsdóttir
- Björgvin Jón Bjarnason
- Freyja Önundardóttir
- Gundega Jaunlinina
- Perla Ösp Ásgeirsdóttir
- Stefán Ólafsson
- Sverrir Sverrisson

og varamenn:

- Páll Ásgeir Guðmundsson
- Inga Jóna Friðgeirsdóttir
- Ingibjörg Ólafsdóttir

- Eyþór Þ. Árnason

## **7. Ákvörðun launa stjórnarmanna.**

Fundarstjóri gerði grein fyrir framlagðri tillögu um laun stjórnarmanna þess efnis að mánaðarlaun aðalmanns verði kr. 156.656, laun formanns verði tvöföld eða kr. 313.312 og laun varaformanns verði kr. 234.984. Stjórnarlaun miðist við einn fund í mánuði. Ef stjórnarfundir séu fleiri skuli greiða aukalega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern setinn fund. Varamaður fái greidd laun aðalmanns, kr. 156.656, fyrir hvern setinn stjórnarfund. Fyrir hæfismat hjá Fjármálaeftirliti verði greidd ein mánaðarlaun stjórnarmanns.

Samkvæmt greinargerð með tillögunni væri um að ræða hækkun um kr. 11.700 á launum almenns stjórnarmanns.

Kallað var eftir því hvort fundarmenn hefðu athugasemdir eða fyrirspurnir. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust. Bar þá fundarstjóri tillöguna upp til samþykktar. Tillagan var samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

## **8. Kosning nefndar um laun stjórnarmanna.**

Fundarstjóri upplýsti um að samkvæmt samþykktum Gildis skuli ársfundur kjósa þrjá fulltrúa í nefnd sjóðsins um laun stjórnarmanna. Eftirtaldir aðilar hefðu verið tilnefndir í nefnd um laun stjórnarmanna á grundvelli gr. 5.6. í samþykktum sjóðsins:

### Tillaga um fulltrúa launafólks:

- Kolbeinn Gunnarsson
- Þórir Jóhannesson

### Tillaga um fulltrúa atvinnurekenda:

- Stefanía Kolbrún Ásbjörnsdóttir

Fundarstjóri kallaði þessu næst eftir frekari tilnefningum frá fundarmönnum varðandi fulltrúa í nefnd um laun stjórnarmanna. Þar sem aðrar tilnefningar höfðu ekki borist töldust fyrrnefndir aðilar sjálfkjörir í nefnd um laun stjórnar.

## **9. Kjör endurskoðanda.**

Fundarstjóri gerði grein fyrir framlagðri tillögu um að endurskoðandi sjóðsins yrði Deloitte ehf., Smáratorgi 3, Kópavogi.

Kallað var eftir því hvort fundarmenn hefðu athugasemdir eða fyrirspurnir við tillöguna. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust. Bar þá fundarstjóri tillöguna undir atkvæði. Taldist tillagan þannig samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## **10. Önnur mál.**

Undir þessum lið gafst stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóra og sjóðfélögum kostur á að tjá sig að því er varðar aðra dagskrárliði fundarins eða annað er tengist sjóðnum. Gaf fundarstjóri orðið laust ef einhver kysi að taka til máls.

Stefán Ólafsson óskaði eftir því að taka til máls. Upplýsti hann um að Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri, hefði nýlega óskað eftir því við stjórn að láta af störfum hjá sjóðnum miðað við næstu áramót. Hefði Árni starfað í lífeyrissjóðakerfinu í 41 ár, fyrst sem framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs sjómanna og síðan sem framkvæmdastjóri Gildis frá 2005. Árni skili góðu búi og skilvirkum rekstri. Í því skyni að tryggja áframhald þeirra góðu starfshátta ákvað stjórn sjóðsins að ráða Davíð Rúdólfsson í hans stað sem framkvæmdastjóra. Davíð hafi starfað hjá sjóðnum frá 2008, verið forstöðumaður eignastýringar frá 2010 og staðgengill framkvæmdastjóra frá 2016. Davíð væri með BS gráðu í viðskiptafræði og CFA vottun. Hafi það verið einróma niðurstaða stjórnar að Davíð myndi taka við í lok árs þegar Árni lætur af störfum. Þá þakkaði Stefán Gylfa Gíslasyni og Margréti Valdimarsdóttur fyrir samstarfið í stjórn og Gylfa sérstaklega, sem setið hafði í stjórn í sjö ár og verið formaður eða varaformaður til skiptis.

Jóhann Páll Símonarson bað um orðið. Vildi hann geta þess að þrátt fyrir að hann og Árni hafi tekist á í mörg ár vildi hann þakka fyrir samstarfið og bæri hann engan kala til hans. Fráfarandi formanni þakkaði hann einnig og öðrum sem koma að starfsemi sjóðsins.

Sæþór Benjamín Randalsson bað um orðið. Vísaði hann til fréttar af því að til stæði að selja hlutafé í Ljósleiðaranum ehf. sem er m.a. í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Hvatti hann sjóðinn til fjárfestingar í Ljósleiðaranum ehf. svo hægt væri að koma í veg fyrir að félagið lendi í erlendum höndum.

Ekki komu fram frekari athugasemdir eða fyrirspurnir.

Árni Guðmundsson óskaði eftir því að taka til máls. Gat hann þess að tími hans hjá sjóðnum hafi verið ánægjulegur og gefandi en nú væri góður tímapunktur til þess að láta af störfum og sjóðurinn á góðum stað. Gott væri að sjá Davíð taka við og lýsti hann trausti í hans garð. Tók hann jafnframt undir orð formanns um þakkir fyrir störf þeirra sem nú láta af störfum í stjórn.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild til þess að ganga frá fundargerð fundarins ásamt fundarritara og voru ekki gerðar athugasemdir við það. Þar sem dagskrá fundarins var tæmd sleit fundarstjóri fundi. Fundi var slitið kl. 18:41.

Með atkvæðisrétt á fundinum sátu samtals 64 fulltrúar, 54 fulltrúar launamanna og 10 fulltrúar atvinnurekenda. Fjöldi fundarmanna í heild var rétt tæplega eitt hundrað. Fundinum var einnig streymt á heimasíðu Gildis og tengdust alls 16 tæki fundinum þar.

---

Guðbjörg Helga Hjartardóttir, fundarstjóri

---

Árni Hrafn Gunnarsson, fundarritari